

1 Framteljandi

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

2 Merkið í viðeigandi reit:

 Fenginn ökutækjastyrkur

 Greitt skv. kílómetragjaldi

Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu

Launagreiðandi	Vinnustaður	Fjárhæð	
			kr. km
			kr. km
			kr. km
			kr. km
		Samtals	A Samtals B

3 Ökutæki og akstur

Skila ber skýrslu fyrir hvert ökutæki	Staða mælis í ársbyrjun eða þegar ökutæki er keypt _____
Tegund ökutækis og árgerð _____	Staða mælis í árslok eða þegar ökutæki er selt _____
Skráningarnúmer _____	Akstur til og frá vinnu _____ km
Tímabil notkunar á árinu _____	Annar akstur í eigin þágu _____ km
	Samtals _____ km

4 Rekstrarkostnaður ökutækis

Eidsneyti	Smurning, stillingar o.fl.	Hjólbarðar	Viðgerðir/varahlutir	Skattur	Tryggingar
Annað, hvað?			Afskrift, sbr. að neðan	Kostnaður alls	Kostnaður á ekinn km C

Árleg afskrift bifreiðar reiknast 675.000 kr. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverði). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.

5 Útreikningur á frádrætti

Til frádráttar í lið 2.6 á skattframtali færast sú fjárhæð sem lægst er í reitum A, D eða E

Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B km	x	Kostnaður á ekinn km, sbr. reit C kr.	=	D kr.
Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B km	x	114,80 kr.	=	E kr.

Athugasemdir

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi akstursdagbækur eða akstursskýrslur og önnur gögn til ríkisskattstjóra.

Dagsetning

Undirskrift

Skýringar

Tekjur

Ökutækjastyrk sem launagreiðandi greiðir launþega skal að fullu telja til tekna í reit 22 í lið 2.2 á skattframtali.

Frádráttur

Frá ökutækjastyrkjum sem launþegi hefur fært til tekna skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launþega, nafn og kennitala launþega og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 675.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í
 - a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu,
 - b) annan akstur í eigin þágu og
 - c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með 114,80 kr. þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2012 fyrir akstur eigin ökutækis má hann hækka fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan samkvæmt „sérstöku gjaldi“ í 132,02 kr. og samkvæmt „torfærugjaldi“ í 166,46 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 3000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.